Afleiðingar þegar farið er yfir þolmörk í kennslustund



Sandgerðisskóli
vöxtur - virðing - vilji - vinátta

1

Kennari ræðir við nemandann.

Kennari/starfsmaður fer til nemenda og spyr hvort hann sé tilbúinn að taka þátt, hlusta og fylgja fyrirmælum:

Muna:
10% eru orðin sem þú velur.
35% er tónn raddarinnar.
55% er líkamstjáning.

2

Nemandi sér ekki að sér og heldur áfram að hunsa fyrirmæli. Kennari/starfsmaður notar þá reglufestu.

Hver er reglan?
Ert þú að fylgja reglunni núna?
Hvernig get ég aðstoðað þig?
Viltu bæta hegðun þína?
Ertu tilbúin/n að fylgja því sem við erum að gera?

Kennari hefur samband heim og skráir atvikið í Mentor, umsjónarkennari og stjórnendur upplýstir.

3

Nemandi lætur ekki að stjórn, þá er honum vísað úr umhverfinu og beðin um að bíða frammi (oftast eru sófar fyrir utan stofurnar).

Nemandi fær að hugsa sinn gang, vinna í því að koma sér af spýtunni.
Mikilvægt að muna að það er ástæða að baki allrar hegðunar.

Ef nemandinn nær sér ekki af spýtunni og heldur áfram sömu hegðun í næsta tíma klárar hann daginn með starfsmanni í öðru rými t.d Hágarði, Dekurgarði eða inni hjá stjórnanda.

Kennari hefur samband heim og atvikið skráð í Mentor.
Umsjónarkennari og stjórnendur upplýstir.

4

Ef um óviðráðanlegar aðstæður er að ræða, þar sem nemandi sýnir ógnandi hegðun og fer yfir þolmörk, þarf að kalla eftir aðstoð og koma nemanda eða hópi úr aðstæðum. Slík atvik á ekki að leysa einn, kalla skal til skólastjórnanda, samkennara eða annars starfsfólks.

a) Ekki er hægt að ræða við nemanda sem er á spýtunni, hann þarf að jafna sig.

b) Til að reyna fá nemanda af spýtunni er gott að spyrja um tilviljunarkenndar spurningar sem innihalda val.

Eins og:
Viltu fara hér inn eða þangað?
Viltu sitja í þessum stól eða hinum?

Vá hvað þessi stóll er gulur. Hver er uppáhalds liturinn þinn?

Kennari/stjórnandi hefur samband heim og atvikið skráð í Mentor.
Umsjónarkennari og stjórnendur upplýstir.
Foreldrar/forráðamenn boðaðir á fund með stjórnanda og umsjónarkennara. Ef atvikið kemur upp aftur á foreldri/forráðamaður að mæta í skólann með barni sínu næsta dag.

5

Ef nemandinn fer ítrekað yfir þolmörkin. Er málefnum nemandans vísað í nemendaverndarráð og unnið með önnur úrræði t.d skert stundatafla, nemandaráðgjafi eða einstaklingskennslu.

Kennari/stjórnandi hefur samband heim og atvikið skráð í Mentor.
Umsjónarkennari og stjórnendur upplýstir.